



BLAÐIÐ



Sérútgáfa 24. apríl 2009

Hvað er til ráða?

Formleg fyrirspurn Félags íslenskra bifreiðaeigenda til stjórnmalaflokka og -hreyfinga sem lagt hafa fram framboðslista vegna alþingiskosninga 24. apríl 2009. FÍB spyr hvort mótáðar hafi verið hugmyndir um viðbrögð við greiðsluerfiðleikum fólks vegna bílalána í erlendri mynt, til hvaða aðgerða sé fyrirhugað að grípa til og hvenær, til að leysa vanda þeirra sem eiga í erfiðleikum með það að standa í skilum með afborganir af þessum lán-um. Bréf FÍB var boðsent flokkunum þann 21. þ.m. Efni þess og svör flokkanna fara hér á eftir. Svör bárust frá öllum framboðum að undantekinni Lýðræðishreyfingunni.



Formleg fyrirspurn FÍB til stjórnmalaflokkanna

Til allra flokka og hreyfinga sem bjóða fram í alþingiskosningum 25. apríl 2009.

Efni: Formleg fyrirspurn Félags íslenskra bifreiðaeigenda til stjórnmalaflokka og -hreyfinga sem lagt hafa fram framboðslista vegna komandi alþingiskosninga.

Við þær efnahagsaðstæður sem nú ríkja á Íslandi er óhjákvæmilegt að margir verði illa úti, þ.á m. fjölskyldur sem byggðu útreikninga sína á því að ekki kæmi til svo afdrifaríkrar efnahagslæggðar sem raun ber vitni. Flest ef ekki öll stjórnmalasamtök sem bjóða nú fram til alþingiskosninga hafa lýst yfir eindregnum vilja til að verja heimilin og fjölskyldurnar í landinu skipbroti í hinum efnahagslega ólgusjó.

Í þessu sambandi vill Félag íslenskra bifreiðaeigenda minna á að hagsmunir heimila og fjölskyldna lúta ekki einungis að íbúðarhúsnæði heldur jafnframt að því að eiga og reka fjölskyldubifreið. Bifreiðin er næst stærsti útgjaldaliður fjölskyldunnar á eftir húsnæðisliðnum.

Á undanförunum þensluárum hafa fjölmar gar fjölskyldur endurnýjað bíla sína og oftast en ekki með lánsfé sem þá var auðfengið hjá bönkum og fjármögnunarfyrirtækjum. Erlend myntkórfulán voru algengust og gjarnan tryggð með sérstöku veði í heimilum lántakenda og

ábyrgðarmanna.

Í kjölfar gengishruns íslensku krónunnar hefur höfuðstóll þessara lána hækkað gríðarlega með samsvarandi áhrifum á afborganir. Bankarnir og fjármögnunar-fyrirtækin hafa flest boðið upp á tímabundnar greiðslufrýstingar fyrir þá sem eru með lán sín í skilum. Það kann að reynast skammgóður vermir. Aðrir sem ekki njóta slíkrar frýstingar þurfa hins vegar að róa þungan róður.

Í erfiðleikum sínum hafa margir leitað til FÍB á undanförunum mánuðum. Í mörgum tilvikum eru bifreiðalán að leggja fjárhag fjölskyldna að velli. Á sama tíma er nánast einvörðungu rætt um lausnir á vanda tengdum húsnæðislanum. Rétt er að halda því til haga að því fer sjarri að Félag íslenskra bifreiðaeigenda dragi úr þeim vanda. Hins vegar telur félagið einnig brýnt að lausnir verði settar fram á vanda þeirra sem í góðri trú tóku lán í erlendri mynt til kaupa á fjölskyldubifreið. Þessir einstaklingar eru í bráðri hættu á að missa heimili sín vegna hækandi bílálána.

Af þessum sökum beinir Félag íslenskra bifreiðaeigenda eftirfarandi spurningum til yðar, f.h. þess framboðslista sem þér veitið forstöðu:

1. Hvað ætlið þér og stjórnmalaflokkur, -hreyfing þín gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt; hvenær yrði gripið til þeirra úrræða?

2. Hefur stjórnmalaflokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum?



3. Hefur flokkurinn, -hreyfingin mótaðar hugmyndir til að tryggja hagsmuni neytenda sem eiga í greiðsluferfiðleikum vegna bílafjármögnunar?

4. Telur stjórnmalaflokkurinn, -hreyfingin að til greina komi að neytendum með myntkórfulán verði boðið upp á greiðslujöfnunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt?

Með hliðsjón af því hversu stutt er til kosninga auk þess sem málefnið er þúsundum félagsmanna FÍB afar mikilvægt er þess hér með farið á leit að framangreindum spurningum verði svarað eins skjótt og kostur er, þó ekki síðar en á hádegi hinn 23. apríl nk., en á þeim degi hyggst félagið kynna félagsmönnum sínum svör yðar og annarra stjórnmalaflokka og stjórnmalahreyfinga.

Með fyrirfram þökk.

Virðingarfyllt,

Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri FÍB



Borgarahreyfingin

-Ekki verði gengið að heimilum skuldara

1. Hvað ætlið þér og stjórnarálflokkur, -hreyfing þín gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt; hvenær yrði gripið til þeirra úrræða?
Svar - Borgarahreyfingin leggur til bráðaaðgerðir fyrir heimilin í landinu til þess að koma á móts við erfiða stöðu þeirra. Borgarahreyfingin vill beita sér fyrir því að kröfuhafar bílalána geti ekki gengið að heimilum skuldara við innheimtu bílalána.

2. Hefur stjórnarálflokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum?
Svar - Já. Borgarahreyfingin er aðeins 8 mánaða gömul hreyfing sem býður nú til þings í fyrsta skipti. Borgarahreyfingin er breytingarafl sem vill ráðast gegn flokksræði og efla lýðræði í landinu, gera upp ástæður

bankahrunsins og draga menn til ábyrgðar auk þess að beita sér fyrir bráðaaðgerðum til aðstoðar heimilum landsins. Undir þeim lið að fara í bráðaaðgerðir til bjargar heimilunum fellur það að finna raunhæfar leiðir til að verja heimili landsmanna fyrir innheimtu bílalána.

3. Hefur flokkurinn, -hreyfingin mótaðar hugmyndir til að tryggja hagsmuni neytenda sem eiga í greiðsluferfiðleikum vegna bílafjármögnunar?
Svar - Ekki fullmótaðar hugmyndir hvað þetta varðar aðrir en kemur fram hér að ofan.

4. Telur stjórnarálflokkurinn, -hreyfingin að til



BORGARAHREYFINGIN
Þjóðin á þing

greina komi að neytendum með myntkörfulán verði boðið upp á greiðsluþjónunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt?
Svar - Já, allar færar leiðir sem gera heimilum landsins kleyft að komast gegnum þá erfiðu stöðu sem þau eru í koma til greina. Áhersla Borgarahreyfingarinnar er að koma með bráðaaðgerðir sem virka hratt og vel til þess að vekja aftur von hjá fólki um bjartari framtíð.

Framsóknarflokkurinn

-Krónan er rúin trausti

Hvað ætlið þér og stjórnarálflokkur, -hreyfing þín að gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt; hvenær yrði gripið til þeirra úrræða?

Styrking gjaldmiðilsins og öflugt atvinnulíf er alger forsenda þess að bileigendur eins og aðrir skuldarar geti staðið í skilum. Krónan er rúin trausti í núverandi mynd og verður að renna styrkari stoðum undir hana meðan unnið er að varanlegum lausnum í gjaldmiðilsmálum. Fyrir mun gengi hennar ekki batna og höfuðstóll myntkörfulánanna ekki lækka á ný og afborganirnar um leið. Framsókn lagði í febrúar síðastliðnum fram tímasettar efnahagstillögur í 18 liðum sem ætlað var að koma í veg fyrir frekara hrun efnahagslífsins og stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins, efnahagslífsins og fjármáلالífsins. Þar hefur 20% leiðrétting höfuðstóls íbúðalána vakið hvað mesta athygli.

Fyrir þá skuldara sem 20% leiðréttingin dugur ekki fyrir, leggur Framsókn til greiðsluáðlögun og þar er ekkert undanskilið, bílalán þar á meðal.

Hefur stjórnarálflokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum?
Framsókn hafði frumkvæði að því að aðgerðarlítilli ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks væri komið frá með tilboði til Vinstri hreyfingarinnar græns

framboðs og Samfylkingarinnar um að Framsókn myndi verja minnihlutastjórn þeirra vantrausti. Var það gert í trausti þess að raunsæ og trúverðug efnahagsáætlun



yrði lögð fram og henni fylgt. Því miður megnaði minnihlutastjórnin ekki að koma slíkri áætlun í gang og því vann Framsókn heildstæða efnahagsáætlun í samvinnu við færustu sérfræðinga innan flokks sem utan. Því miður hefur minnihlutastjórninni ekki borið gæfa til að taka þá áætlun upp nema að afar litlu leyti.

Hefur stjórnarálflokkurinn, -hreyfingin mótaðar hugmyndir til að tryggja hagsmuni

neytenda sem eiga í greiðsluferfiðleikum vegna bílafjármögnunar?

Gagnvart þeim neytendum sem 20% leiðrétting íbúðalána og almenn efling efnahagslífsins dugur ekki til, verður að fara í sértækar aðgerðir gagnvart hverjum og einum. Sú aðferð ein og sér er afar tímafrek og sérstaklega ef margir neyðast til að leita hennar, sem verður raunin ef ekki er fyrst farið í almennar aðgerðir eins og þá almennu leiðréttingu sem Framsókn leggur til. En skilvirk greiðsluáðlögun fyrir þennan hóp er algerlega nauðsynlegt úrræði.

Telur Stjórnarálflokkurinn, -hreyfingin að til greina koma að neytendum með myntkörfulán verði boðið upp á greiðsluþjónunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt?

Þeir skuldareigendur sem eiga myntkörfulánin hljóta að sjá skynseminu í því að bjóða upp á greiðsluþjónun gagnvart bileigendum eins og íbúðaeigendum. Því fleiri sem komast hjá því að fara í þrot, því betra, enda innheimta þeir á endanum mun herra hlutfall sinna krafna með þeim hætti.

Frjálslyndi flokkurinn

-Öll áhættan á herðum lántakandans

Þetta er svar Frjálslynda flokksins.

Á Íslandi hefur það verið stíll síðs að öll áhætta í viðskiptum hefur komið í hlut lántakandans. Myntkórfulán voru fjármögnuð erlendis frá í áhættulitlum viðskiptum fyrir lánastofnanir. Lántakandanum var síðan úthlutað láninu og áhættunni af viðskiptunum.

Sjálfskuldarábyrgðin sem lántakandinn skrifaði undir gerði það að verkum að hægt er að ganga að heimilum fólks. Af þessu er augljóst að lánastofnanir gerðu aldrei ráð fyrir að sú fjárfesting sem þeir voru að lána til gæti staðið undir sér. Því var verið að lána fyrir bílum með veði í heimilum fólks.

Ef lánastofnanir gerðu aldrei í raun ráð fyrir að bíllinn gæti staðið undir bílalaninu, og tóku

að auki stöðu gegn krónunni, þá verða þeir að sætta sig við orðin hlut.

Það er óásættanlegt að heimili fólks séu lögð í rúst vegna bílálans. Að setja fjölda heimila í gjaldþrot af þessum sökum mun bara auka vanda okkar í kreppunni. Því er það eina raunhæfa aðgerðin að afnema sjálfskuldarábyrgðina. Lánastofnanir verða að gera sér að góðu bílana okkar upp í skuldarnar.

Sturla Jónsson, frambjóðandi Frjálslynda flokksins.



-Velferðarbrú yfir tímabil erfiðleika

1. Hvað ætlið þér og stjórn mála flokkur, -hreyfing þín að gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt; hvenær yrði gripið til þeirra aðgerða?

Allt frá hrúningu hefur Samfylkingin unnið að því að byggja Velferðarbrú yfir heimilin svo þau komist yfir þetta tímabil erfiðleika og takmarkaðir fjármunir renni til þeirra sem í raun þurfa á aðstoð að halda. Fyrsta áherslan hefur verið á fasteignalán af því þau eru yfirleitt bæði stærsti hluti skuldanna og snerta með beinum hætti búsetuöryggi fjölskyldnanna.

Í Velferðarbrúnni eru bæði almennar og sértækar aðgerðir á borð við lækkan skulda. Þær almennu miða að því að forða fólki frá þörf fyrir neyðarástøða og felast m.a. í stóraukinni endurgreiðsla vaxtakostnaðar í gegnum vaxtabótakerfið, greiðslujöfnun sem getur lækkað greiðslubyrði verðtrygðra lána um 10 til 20% og gengistrygðra lána um 40 til 50%, möguleika á frystingu afborgana og að fá hluta séreignarsparnaðar greiddan út. Þá er búið að takmarka mjög notkun þriðjamannsábyrgðar með nýjum lögum og verja heimili ábyrgðarmanna. Fyrir heimili í alvarlegum skuldavanda duga ekki almennar aðgerðir og því þarf sértæk úrræði. Þar ber hæst að hægt er að fá skuldir afskrifaðar og aðlagðar greiðslugetu í gegnum greiðsluáðlögun. Gjaldþrot heimila þar sem skuldir elta fólk um ókomna tíð

heyrja sögunni til. Saman styðja þessar stöðir heimilin yfir tímabil erfiðleikanna.

Upplýsingar sem fram hafa komið benda til þess að athuga þurfi viðskiptahætti tengda gengistrygðum bílalanum, ekki síst uppgjör gagnvart skuldurum. Sú könnun þarf að hefjast sem fyrst.

2. Hefur stjórn mála flokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum? Já, Samfylkingin beitti sér fyrir frystingu afborgana af bílalanum og framlengingu hennar. Auk þess að vinna að almennum aðgerðum til að mæta skuldavanda heimilanna.

3. Hefur flokkurinn, -hreyfingin mótaðar hugmyndir um að tryggja hagsmuni neytenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna bílafjármögnunar? Til lengri tíma litið er mikilvægasta aðgerðin fyrir alla sem skulda gengistrygð lán er að vinna hratt að auknum stöðugleika í gengismálum. Samfylkingin á samleið með Neytendasamtökunum, stærstu samtökum atvinnurekenda og launafólks í þeirri stefnu að ganga til samninga við ESB strax að loknum kosningum á grundvelli skýrra samningsmarkmiða og gefa þjóðinni kost á að eiga síðasta orðið í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fyrst. Jákvæðra áhrifa af umsókn fer strax að gæta því eins og fulltrúar atvinnulífsins hafa

ítrekað bent á þá skiptir það öllu máli fyrir traust erlendra aðila á íslensku atvinnu- og efnahagslífi að framtíðarsýn okkar og stefna sé ljós. Traust ræður svo aftur mestu um vaxtakjör, fjármögnunarmöguleika og erlenda fjárfestingu. Traust er líka forsenda þess að hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin en til lengri tíma valda þau stöðnun og landflotta okkar framsæknustu fyrirtækja. Samningar um aðild eru því afar mikilvægir, ekki bara fyrir atvinnulífið heldur líka heimilin.

4. Telur stjórn mála flokkurinn, -hreyfingin að til greina komi að neytendum með myntkórfulán verði boðið upp á greiðslujöfnunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt. Já sú leið kemur til greina og ætti að vera fær með samkomulagi við fjármögnunarfyrirtækin.

Sjálfstæðisflokkurinn

-Helmingslækkun greiðslubyrði í allt að 3 ár

1. Hvað ætlið þér og stjórnmaflokkur, -hreyfing þín gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt; hvenær yrði gripið til þeirra úrræða?

Brýnasta viðfangsefnið varðandi gengis-tryggð lán er að ná að styrkja gengi krónunnar. Með því næðust afborganir niður með varanlegum hætti. Í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar var þeim tilmælum beint til banka og fjármálastofnana að fólki gæfist kostur á að frysta afborganir af gengisbyggðum lánum og hafa margir nýtt sér þann kost. Bankarnir hafa veitt lántakendum kost á að greiðslujafna slík lán og setja þá hluta afborgana aftan við lánið.

Í bréfi samtakanna til okkar er tekið fram að nánast einvörðungu sé rætt um lausnir á vanda tengdum húsnæðislánum og að samtökin telji brýnt að aðrar lausnir séu kynntar varðandi þá sem keyptu bifreið á sínum tíma. Það má taka undir að slíkt er mikilvægt en á móti kemur að aðgerðir til þess að létta undir greiðslubyrði af húsnæðislánum myndu létta á fjárhag heimilanna, t.d. gagnvart öðrum lánum og því skipta lausnir flokkanna varðandi greiðslubyrði heimilanna einnig máli í þessu sambandi.

Sú leið sem Sjálfstæðisflokkurinn vill fara varðandi greiðslubyrði af húsnæðislánum er

að fólki sé gefinn kostur á að lækka greiðslubyrði sína af lánum um helming í allt að þrjú ár. Að þessum þremur árum loknum myndi greiðslubyrðin smám saman aukast aftur þar til hún nær fyrra hlutfalli. Til að bæta upp fyrir minni greiðslubyrði þennan tíma lengist lánið um nokkur ár á móti, t.d. úr 30 árum í 36 ár. Þetta væri leið sem myndi hjálpa fólki verulega við að komast yfir erfiðasta hjallann, t.d. gæti þessi leið lækkað greiðslubyrðina úr 100 þús á mánuði í 50 þús á mánuði næstu þrjú árin.

2. Hefur stjórnmaflokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum? Já, innan flokksins hefur farið fram vinna við að móta lausnir sem þessar á síðustu mánuðum. Þá má einnig vekja athygli á frumvarpi sem var samþykkt í tíð síðustu ríkisstjórnar og varð að lögum um um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. um virðisaukaskatt til að auðvelda sölu á bílum úr landi með því að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af afskráðum ökutækjum.

3. Hefur flokkurinn, -hreyfingin mótaðar hugmyndir til að tryggja hagsmuni neytenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna bílafjármög-



nunar?

Já, sbr. það sem fram kemur í svari við fyrstu spurningunni auk þess sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir því að skoðað verði vandlega upptaka evru í samstarfi við Evrópusambandið og í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

4. Telur stjórnmaflokkurinn, -hreyfingin að til greina komi að neytendum með myntkörfulán verði boðið upp á greiðslujöfnunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt? Já, tvímælalaust. Lausn varðandi gengis-tryggð lán er flóknari í útfærslu en lausnir varðandi verðtryggð lán en Sjálfstæðisflokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að koma að slíkri vinnu.

Vinstri grænir

-Afnám verðtryggingar - forgangsverkefni

1. Hvað ætlið þér og stjórnmaflokkur, -hreyfing þín að gera varðandi vanda þessara neytenda? Jafnframt, hvenær yrði gripið til þeirra úrræða?

Bílalán fjölskyldna eru hluti af þeirri skuldbindingu sem heimilin glíma við eftir hrun efnahagskerfisins í tíð síðustu ríkisstjórnar. Eðlilegt er að takast á við bílalán í samhengi við aðrar skuldir og hefur það raunar þegar verið gert að hluta, sbr. svar við lið 2. Aðgerðir sem beinast sérstaklega að húsnæðislánum hjálpa einnig flestum þeim sem glíma við erfiðleika vegna bílalána.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur brýnt að áfram verði unnið að lausn á skuldamállum heimilanna og á landsfundi flokksins í mars sl. var samþykkt að leita ætti leiða til að lækka höfuðstól húsnæðislána eða frysta hluta hækkunar höfuðstóls lána vegna verðbólguuskotsins. Einnig að gerð verði tímasett áætlan um afnám verðtryggingar. Þetta þarf að vera forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar strax í upphafi nýs kjörtímabils.

2. Hefur stjórnmaflokkurinn, -hreyfingin beitt sér í þessum málum á síðustu mánuðum? Núverandi ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar hefur þegar gripið til bráðaaðgerða gagnvart þeim sem verst eru settir með ýmsum aðgerðum, m.a. lögum um greiðsluáðlögun, en hún nær til allra skulda heimilanna.

3. Hefur flokkurinn, hreyfingin mótaðar hugmyndir til að tryggja hagsmuni neytenda sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna bílafjármögnunar?

Eins og fram kemur í svar við spurn. 1. er nauðsynlegt að skoða skuldamálin heildstætt. Lækkun dráttarvaxta sem þegar hefur verið gripið til, almenn vaxtalækkun, greiðsluáðlögun o.fl. kemur til móts við þann hóp sem hér um ræðir. Sérstaklega þarf að taka á málum þeirra sem eru með myntkörfulán. Þar koma einkum til greina frýsting, greiðslujöfnun og að þeir sem kjósa geti breytt



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

þeim lánum í íslenskra krónur.

4. Telur stjórnmaflokkurinn, hreyfingin að til greina komi að neytendum með myntkörfulán verði boðið upp á greiðslujöfnunarleið, líkt og sést hefur með húsnæðislán í erlendri mynt?

Þegar hefur verið gripið til frýstingar myntkörfulána en enn sem komið er beinist hún einkum að fasteignalánum. Nú er unnið að varanlegri lausn á þeim vanda sem hækkun myntkörfulána á húsnæði veldur heimilum í landinu og vindur þeirri vinnu ágætlega fram. Sjálfsagt er að skoða í framhaldinu að þær ráðstafanir verði viðtækari og nái einnig til myntkörfubílalána.